

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. mars 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-95/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á sjónvarpi, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi sér nýtt samskonar sjónvarp.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 7. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á og frest til þess að skila þeim til 21. janúar. Andsvör seljanda bárust hins vegar rafrænt hinn 3. desember 2015. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni, ritaðri af lögmanni álitsbeiðanda, og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 12. október 2015 keypti álitsbeiðandi sjónvarp af gerðinni Samsung UHD TV 55” af seljanda fyrir kr. 219.995. Þar sem álitsbeiðandi var að flytja var tækið geymt í umbúðum til 27. október, en þá opnað. Kom þá í ljós að tækið var brotið neðst í vinstra horni og tilkynnti álitsbeiðandi seljanda um það sama dag. Segir álitsbeiðandi að starfsmaður seljanda hafi tjáð henni að seljandi myndi bæta úr gallanum og útvega nýtt tæki. Hins vegar hafi annar starfsmaður seljanda í kjölfarið hafnað ábyrgð á þeim forsendum að of langt væri liðið síðan álitsbeiðandi keypti tækið. Segist álitsbeiðandi ekki sætta sig við það, þar sem lög nr. 48/2003 um neytendakaup kveði á um að frestur neytenda til að leggja fram kvörtun vegna galla skuli aldrei vera skemmri en tveir mánuðir. Telur álitsbeiðandi því að hún eigi rétt á nýrri afhendingu, án kostnaðar, sbr. 29. og 30. gr. sömu laga. Telur álitsbeiðandi að skemmdin á sjónvarpinu gæti hafa orsakast af því að gaffall á lyftara hefði rekist í það, en álitsbeiðandi telur útilokað að tækið hafi skemmst við vörslu hennar eða flutning þar sem það hafi verið vandlega geymt og flutt í fólksbifreið á milli staða. Þá hafi verið vandlega búið um tækið í umbúðunum og ætti það ekki að geta skemmst nema við mikið högg. Segir álitsbeiðandi og að þegar hún hafi sýnt starfsmanni seljanda tækið hafi starfsmaðurinn tjáð henni að samskonar tjón á samskonar tæki hefði komið upp áður og að slíkt kæmi oft fyrir „við flutning á lager“. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda og seljanda sem og kvittun fyrir kaupum á sjónvarpinu, dags. 12. október 2015.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur rétt að taka það fram að ranglega sé haldið fram að álitsbeiðandi hafi tilkynnt um galla 27. október, hið rétta sé að álitsbeiðandi tilkynnti um galla á sjónvarpinu hinn 27. nóvember. Sjónvarpið hafi þá verið búið að vera í vörslum álitsbeiðanda í 47 daga, eða um einn og hálfan mánuð. Þegar tjónið hafi verið tilkynnt hafi engar umbúðir fylgt tækinu og telur seljandi útilokað að meta tjónið út frá flutningi enda með öllu óvíst hvar tækið hafði verið þann tíma sem álitsbeiðandi hafði haft

það í förum sínum. Telur seljandi því úr vegi að halda því fram að um „galla“ sé að ræða í skilningi laga og vísar því í því samhengi til 13. gr. og 14. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, en í þeim greinum er fjallað um áhættu og áhættuflutning.

V

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi sjónvarp af gerðinni Samsung UHD TV 55” af seljanda hinn 12. október 2015 fyrir kr. 219.995. Að sögn álitsbeiðanda tók hún ekki umbúðirnar utan af sjónvarpinu fyrr en síðar vegna flutninga og kom þá í ljós að tækið var brotið. Greinir aðila á um hvenær álitsbeiðandi kvartaði undan gallanum, en í síðasta lagi mun það hafa verið 27. nóvember sl. Telur álitsbeiðandi að sjónvarpið hafi verið brotið við afhendingu og telur þá skýringu líklegasta að tækið hafi brotnað á lager seljanda og krefst hún nýrrar afhendingar. Seljandi mótmælir þessu og hafnar kröfum hennar. Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um tímafresti neytanda til að bera fyrir sig galla. Í 1. mgr. 27. gr. segir m.a. að frestur neytanda til að bera fyrir sig galla sé aldrei skemmri en 2 mánuðir. Sé miðað við að álitsbeiðandi hafi tilkynnt seljanda um galla á sjónvarpinu hinn 27. nóvember, þ.e. um einum og hálfum mánuði eftir kaup er ljóst að kvartað var innan tímamarka greinarinnar.

Samkvæmt því sem rakið er að framan liggur fyrir að umrætt sjónvarp er brotið. Hlutlægt séð er því sjónvarpið haldið galla í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Í 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um tímamark galla. Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram sú meginregla að við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður, skuli miðað við það tímamark þegar áhætta af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þó gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Í 2. mgr. greinarinnar er síðan að finna mikilvæga undantekningu frá þessari reglu, en þar segir::

Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.

Ákvæðið hefur þá þýðingu að ef galli hefur komið í ljós innan sex mánaða, þarf seljandi almennt að sanna að gallinn hafi ekki verið fyrir hendi við áhættuflutninginn, í þessu tilviki afhendinguna. Seljandi hefur haldið því fram að ástand sjónvarpsins megi rekja til meðferðar álitsbeiðanda á því, þ.e. að sjónvarpið hafi orðið fyrir tjóni í meðförum álitsbeiðanda sem leiddi til þess að það brotnaði, einhvern tímann eftir að hún keypti sjónvarpið hinn 12. október 2015 og þar til hún kvartaði undan galla á því hinn 27. nóvember. Í málinu hafa hvorki álitsbeiðandi né seljandi lagt fram nein gögn eða upplýsingar til stuðnings fullyrðingum sínum um ástand sjónvarpsins við afhendingu á kaupdegi. Með vísan til áðurnefndrar 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup verður seljanda að bera hallann af því. Er rétt í þessu samhengi að vísa til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-4038/2014 þar sem málsatvik voru keimlík.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi afhendi sér nýtt samskonar sjónvarp henni að kostnaðarlausu. Kærunefndin álítur að álitsbeiðandi eigi rétt á því og fer um þá afhendingu skv. 29. og 30. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. að hin nýja afhending skal fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir álitsbeiðanda og innan hæfilegs tíma sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, afhendi álitsbeiðanda, X, samskonar sjónvarp og hún keypti af seljanda hinn 12. október 2015.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir